

# Æðagúll í höfði - aðgerð í æðapræðingu

Aðgerðin er framkvæmd til að fyrirbyggja blæðingu úr æðagúll í höfði. Grannur leggur er þræddur inn í slagæð í nára og leiddur upp í æðagúllinn. Gúllinn er einangraður frá blóðrásinni með því að fylla hann af örfínum platínupráðum og þannig komið í veg fyrir hugsanlega blæðingu. Þræðina þarf ekki að fjarlægja. Aðgerðin fer fram á æðapræðingarstofu í svæfingu. Gera má ráð fyrir að vera frá vinnu í um fimm daga, háð starfi og líðan.

## Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna, þar með talið lýsis og Omega 3, tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

## Tóbaksnotkun og rafrettur

Reykingar og nikótín í rafrettum er skaðlegt æðum og minnkar langtímaárangur æðainngripa. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun 6-8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Hægt er að fá aðstoð hjúkunarfræðings og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð hjá: „Ráðgjöf í reykbindindi“. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafapjónustuna. Eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á [www.reyklaus.is](http://www.reyklaus.is).

## Aðstæður heima

Ef aðstæður heima fyrir eru þannig að þörf er á aðstoð eftir útskrift, þarf að huga að því fyrir innlögn. Hjúkunarfræðingar geta aðstoðað við að fá dvöl á sjúkrahótel, fá heimilishjálp og/eða heimahjúkrun.

## Undirbúningur fyrir aðgerð

### Viðtal við sérfræðilækni

Nokkrum vikum fyrir aðgerð er sjúklingur boðaður í viðtal við sérfræðilækni sem gerir æðapræðinguna. Þar er farið yfir meðferðina og meðferðarmöguleika þannig að sjúklingur geti tekið upplýsta ákvörðun um hvort hann vilji fara í aðgerð. Einnig er farið yfir lyfjanotkun og upplýsingar veittar um blóðþynnandi lyfjameðferð sem nauðsynleg er fyrir aðgerðina. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega eða lyfjakort. Sjálfsagt er að hafa aðstanda með í viðtali.

### Innskriftarviðtal

Haft verður samband símleidis og gefinn tími á innskriftarmiðstöð nokkrum dögum fyrir aðgerð á göngudeild B3 á 3. hæð Landspítala í Fossvogi. Þar fer fram viðtal við hjúkunarfræðing, lækni heila- og taugaskurðeildar og svæfingalækni. Spurt er um heilsufar, gerð líkamsskoðun og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina. Gera þarf ráð fyrir að innskrift taki 3-4 klukkustundir. Undirrita þarf samþykki fyrir aðgerð og svæfingu.

### Rannsóknir

Tekin eru blóðsýni. Aðrar rannsóknir eru gerðar ef aldur eða heilsufar gefa tilefni til.

### Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum, röntgenskuggaefni eða öðru. Svæfingalæknir metur hvaða lyf eigi að taka að morgni aðgerðardags.

### Kostnaður

Greiða þarf fyrir þjónustu á göngudeild B3.

## Kvöldið fyrir aðgerð

### Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

### Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér þægileg föt, slopp, inniskó og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

## Aðgerðardagur

### Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, andlitsfarða, ilmefni, naglalakk eða skartgrip.

### Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi að morgni aðgerðardags.

Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Þegar komið er á æðapræðingarstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina. Aðgerðin er gerð í svæfingu og getur tekið 3-4 klukkustundir.

## Eftir aðgerð

Eftir aðgerð tekur við dvöl á vöknunardeild þar sem fylgst er með líðan í 2-4 klukkustundir. Síðan fer sjúklingur á legudeild B6. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknunardeild en nánasta aðstandanda er velkomið að hringja.

### Verkir

Sumir finna fyrir vægum óþægindum í nára fyrst eftir aðgerð. Sumir finna fyrir vægum höfuðverk en ef mikill höfuðverkur gerir vart við sig, þarf að láta strax vita. Verkjalyf eru gefin eftir þörfum. Sjúklingur metur styrk verkja á verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Mikilvægt er að láta vita um verki svo hægt sé að bregðast við. Hálssærindi geta komið eftir svæfinguna, en þau hverfa jafnan á 1-2 dögum.

<b>0</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>6</b>	<b>7</b>	<b>8</b>	<b>9</b>	<b>10</b>
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir		Miklir verkir		Gríðarlegir verkir		

## Rúmlega og hreyfing

Til að minnka hættu á blæðingu í nára, má ekki fara fram úr rúmi fyrr en lækni- eða hjúkrunarfræðingur hefur gefið leyfi.

- Liggja þarf á baki í 1-2 klst. og ekki má lyfta höfði eða fótum frá rúmi þar sem það eykur þrýsting í nára og hættu á blæðingu. Hafa þarf fótinn eins beinan og hægt er þeim megin sem æðapræðingin var gerð.
- Eftir það má hækka undir höfði og liggja á baki eða hliðum í 4-6 klst. Yfirleitt má fara á fætur um sex klukkustundum eftir aðgerð.

## Skurðsár

Lítið stungusár er í nára og umbúðir eru hafðar yfir. Fylgst er náið með stungustaðnum með tilliti til mars og blæðingar. Einnig er reglulega fylgst með litarhætti og púls í fæti þeim megin sem aðgerðin var gerð. Stundum er notaður þrýstibúnaður yfir stungustaðinn og er þá þrýstingi létt af smám saman þar til búnaðurinn er fjarlægður. Eðlilegt er að smá mar eða minniháttar bólguhnútur myndist á stungustað.

## Einkenni frá taugakerfi

Einstaka sinnum koma fram einkenni frá taugakerfi. Því er mikilvægt er að láta vita ef ber á sjóntruflunum, truflun á tali eða máttminnkun í útlimum. Fylgst er reglulega með líðan og einkennum.

## Þvaglát

Settur er þvagleggur í aðgerðinni. Hann er fjarlægður þegar fara má fram úr. Þegar búið er að fjarlægja þvaglegginn getur borið á þvagtrengu og því mikilvægt að láta vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.

## Matur og drykkur

Vegna hættu á blæðingu má einungis dreypa á tærum drykkjum fyrst eftir aðgerð en fá fljótandi fæði um kvöldið. Daginn eftir aðgerð má borða eins og venjulega. Borið getur á ógleði fyrst eftir svæfingu.

## Andleg líðan

Starfsfólk er reiðubúið að ræða við sjúkling og fjölskyldu um líðan þeirra og geta kallað aðra fagaðila til stuðnings ef þörf er á.

## Útskrift

Útskrift er áætluð daginn eftir aðgerð. Ef fylgikvillar koma fram eftir aðgerð getur það lengt sjúkrahúsdvölinu.

### Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:

- Útskriftafræðslu.
- Rafrænan lyfseðil í Lyfjagátt fyrir blóðþynnandi lyfjum ef þörf er á og upplýsingar um notkun þeirra.
- Upplýsingar um símaeftirlit sérfræðilæknis (2-3 mánuðum frá aðgerð).
- Segulóm skoðun sex mánuðum eftir aðgerð og endurkomutími á göngudeild B3 í Fossvogi í framhaldi af myndatöku.
- Vottorð fyrir fjarveru í vinnu eða skóla ef þörf er á.

# Æðagúll í höfði - aðgerð í æðapræðingu

## Útskriftarfræðsla

### Verkir

Kaupa má verkjalyf í apóteki sem fást án lyfseðils. Ekki má taka inn bólgueyðandi verkjalyf svo sem íbúfen eða voltaren þar sem þau geta truflað verkun blóðþynningarlyfja sem oft eru gefin fyrstu mánuðina eftir aðgerð.

### Stungustaður

Ef plástur er á stungustað má fjarlægja hann eftir tvo daga. Gott er að nota spegil við að skoða sárið en forðast þó alla óþarfa snertingu. Fylgjast þarf með útliti stungustaðs með tilliti til roða, bólgu og vessa. Óhætt er að fara í sturtu sólarhring eftir aðgerð. Ekki er ráðlagt að fara í baðkar eða sund fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð meðan stungustaður er að gróa.

### Hreyfing

Ráðlagt er að forðast leikfimi og áreynslu í viku eftir aðgerð, en gott er að fara í gönguferðir.

### Kynlíf

Almennt má stunda kynlíf eftir 1-2 vikur.

### Þvaglát

Ekki ættu að verða breytingar á þvaglátum við aðgerðina.

### Vinna

Æskilegt er að taka sér frí frá vinnu í fimm daga en það fer eftir eðli starfs og líðan. Ef æðagúll var stór, má búast við aðeins lengri tíma eða 1-2 vikur.

### Reykingar

Rannsóknir sýna að reykingar hafa slæm áhrif á æðakerfið og sterklega er mælt til þess að þeir sem reykja hætti því.

### Fylgikvillar

Mögulegir fylgikvillar eru til dæmis blæðing við nára, sýking á stungustað, myndun æðagúls í nára og örsjaldan innri blæðingar. Einstaka sinnum getur þurft að bæta við nýjum málmþráðum og sést það í myndatöku sem gerð er að jafnaði sex mánuðum eftir aðgerð.

**Hafa þarf samband við deildina eða leita á bráðamóttöku ef eftirfarandi hættumerki koma fram innan sex vikna frá aðgerð:**

- Líkamshiti hærra en 38,5°C
- Blæðing eða vessi frá skurðsári
- Særindi við þvaglát, tíð þvaglát eða illa lyktandi þvag
- Viðvarandi ógleði eða uppköst
- Verkur eða bjúgur er í kálfa eða fæti

**Tafarlaust á að leita á bráðamóttöku eða hringja í 112 ef eftirfarandi hættumerki koma fram:**

- Svæsinn höfuðverkur
- Mikill sljóleiki er til staðar
- Truflun á tali, máttleysi í útlimum eða sjóntruflanir

**Símanúmer**

Göngudeild skurðlækninga B3 (innskrift)	543 2060
Dagdeild A5, opin virka daga frá klukkan 7 til 22	543 7570
Heila- og taugaskurðeild B6	543 7600
Landspítali - skiptiborð	543 1000

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.